

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaga, þskj. 510 - 415 mál.

Í upphafi er rétt að geta þess að undirrituð vann minnisblað fyrir stjórnlagaráð sem lagt var til grundvallar 12. gr. frumvarpsins um réttindi barnsins. Þá mætti undirrituð á fund velferðarnefndar Alþingis þar sem ákvæði 12. gr. var rætt. Hér eru ekki gerðar tillögur til breytinga á því ákvæði. Undirrituð verður hins vegar að nota þetta tækifæri og leggja eindregið til breytingu á orðalagi **4. mgr. 24. gr.** frumvarpsins um réttarstöðu foreldra í tengslum við trú og menntun barna.

Í 4. gr. 24. gr. frumvarpsins segir: "Virða skal rétt foreldra til þess að tryggja að menntun barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra." Mun þetta ákvæða hafa komið inn fyrir tilstuðlan sérfræðingahópsins, sem fór yfir tillögur stjórnlagaráðs og skoðaði samræmi við mannréttindasáttmála sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að fara eftir. Í athugasemdum við þetta ákvæði er vísað til þess að umræddur réttur foreldra sé nátengdur trú- og sannfæringarfrelsinu og réttinum til menntunar, sem hafi löngum þótt tilheyra kjarna mannréttindaverndar. Tekið er fram að við yfirferð mannréttindakaflans með tilliti til þess hvort eyður væri í réttarverndinni, miðað við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, hafi komið í ljós að réttur foreldra til að tryggja að menntun barna þeirra væri í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra væri hvergi verndaður. Nánar segir að í ákvæðinu felist að vernda beri börn fyrir innrætingu ríkisvaldsins og kennara á gildum eða viðhorfum sem þessir aðilar aðhyllast en eru í andstöðu við trúar- og lífsskoðanir barnsins eða foreldra þess. Einnig er vikið að því að ákvæðið kunni að veita vernd gegn stjórnunarháttum og skipulagi skólastofnana ef gengið er þvert á mikilvægar lífsskoðanir foreldra.

Sem stoð fyrir ákvæðinu er vísað í 2. másl. 2. mgr. 2. gr. viðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu og 3. mgr. 13. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 (hér eftir SRB), sem fullgiltur var hér á landi árið 1992, er hins vegar í engu getið. Undirrituð telur ljóst að SRB hafi á táknrænan og afgerandi hátt breytt viðhorfum og áherslum sem liggja til grundvallar réttarstöðu barna og foreldra. Gagngert hefur verið horfið frá því að miða við rétt foreldra til að ráða uppeldi barns í samræmi við lífsskoðanir sínar en í stað þess gengið út frá því að barn njóti réttinda sem sjálfstæður einstaklingur og að hlutverk foreldra sé að gæta réttinda barnsins.

Samspil réttinda barns og foreldris endurspeglast með skýrum hætti í almennu ákvæði 5. gr. SRB um að virða beri ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra til að veita barni tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er barnið beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningnum.

Ákvæði 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins tekur fyrst og fremst mið af trúfrelsi, en þó í tilteknu samhengi, þ.e. í sambandi við menntun. Taka ber undir mikilvægi þess að undirstrika réttinn til trúar og sannfæringar í tengslum við menntun. Þegar kemur að börnum ber þó í grunninn að miða við rétt **barnsins** og trúar- og lífsskoðanir þess en ekki rétt, trú eða skoðanir foreldra. Réttur barns til frjálstrar hugsunar, sannfæringar og trúar er verndaður skv. 14. gr. SRB. Ákvæðið var umdeilt við gerð samningsins og vildu margir leggja áherslu á rétt foreldris í þessum samhengi. Niðurstaðan varð sú að í 2. mgr. 14. gr. er áréttuð efnislega meginreglan um samspil réttinda foreldra og barns, þannig að virða skuli rétt og skyldur foreldra til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska barnsins. Á vel við að taka mið af þessu ákvæði jafnvel þótt 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins tengist eingöngu trúfrelsi í sambandi við menntun. Við skýringar á 2. mgr. 14. gr. SRB hefur sérstaklega verið tekið fram að þetta orðalag víki með táknrænum hætti frá ákvæðum eldri samninga og í því sambandi t.d. vikið að 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings SP um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi þar sem notað er orðalag um frelsi foreldra til að tryggja trúarlegt og siðferðilegt uppeldi barna sinna í samræmi við sannfæringu foreldranna. Undirrituð telur almennt viðurkennt að ákvæði SRB samrýmist mun betur nútímaviðhorfum um rétt og réttarstöðu barns.

Til að endurspegla réttindi barnsins vill undirrituð leyfa sér að leggja til eftirfarandi breytingar á orðalagi 4. mgr. 24. gr.:

„Virða skal ábyrgð, rétt og skyldur foreldra til að veita barni sínu leiðsögn í samræmi við vaxandi þroska þess er barnið beitir rétti sínum til að njóta menntunar í samræmi við trúar- og lífsskoðanir sínar.“

Með virðingu og vinsemd
Hrefna Friðriksdóttir